

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur um innkaup og sölu áfengis.

Áfengi er deilt í 5 söluflokka:

1. Kjarna
2. Reynsluflokk
3. Sérvalsflokk
4. Mánaðaflokk
5. Sérpantanir

Í *kjarna* fara sölutegundir (vörunúmer) sem skráðar höfðu verið til almennrar sölu hjá ÁTVR 1. mars 1994. Kjarninn verður endurmetinn í júlí 1994 og síðan í mánuði hverjum. Nái sölutegund í *kjarna* ekki 1% af heildarsölu vöruflokks (í líturum) á undanförmum 12 mánuðum fellur hún úr *kjarna*. Fyrirliggjandi birgðir þeirrar sölutegundar skulu þó seldar sem um vöru í *kjarna* væri að ræða. Sé fleiri en ein gerð umbúða um sömu áfengistegund og nái engin þessara umbúða 1% en samanlagt nái umbúðaflokkarnir 1%, skal halda áfram sölu þeirrar sölutegundar sem mest er selt af.

Áfengi í *kjarna* er til sölu í öllum aðalverslunum ÁTVR. Í verslunum ÁTVR í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Blönduósi, Siglufirði, Húsavík, Seyðisfirði, Neskaupstað og Höfn skulu a.m.k. 5 mest seldu sölutegundir af bjór vera faltar. Í sömu verslunum skulu a.m.k. 3 mest seldu sölutegundir úr öðrum vöruflokkum vera faltar.

Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 20% af tölu þeirra áfengistegunda sem eru í *kjarna*. Áfengi í *reynsluflokki* er selt í Kringlunni, Heiðrónu, á Seltjarnarnesi og á Akureyri. Áfengi í þessum flokki er í reynslusölu 8 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í *kjarna* hafi hún náð 0,5% af samanlagðri *smásölu* vöruflokksins í öllum verslunum ÁTVR. Sölutegund getur flust fyrr í *kjarna* og skal þá mest selda tegundin í *reynsluflokki* valin, þótt hún hafi ekki náð 0,5% markinu. Við val sölutegundar við þessar aðstæður skal litið til sölutalna undanfarandi þriggja heilu mánaða áður en flutningur fer fram. Sölutegund sem flyst í *kjarna* skal vera í þeim flokki 12 mánuði áður en afstaða er tekin til framtíðarveru þar. Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til reynslu getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

Sérvalsflokkur tekur til vöru sem er keypt inn í mjög takmörkuðu magni til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða áfengi verði í sérvalsflokki.

Í *mánaðaflokk* fer áfengi sem ætlað er til sölu í ákveðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður, október, jólamánuður. Söluári mánaðarvöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR. Tekið verður við mánaðabjór frá þeim framleiðendum sem hafa bjór í *kjarna*. Mánaðabjór þarf að hafa efnainnihald sem er

frábrugðið öllum öðrum bjór sama framleiðanda. Um haustvín gilda sömu reglur eftir því sem við á.

Áfengi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má *sérpanta*. Um vöru sem sérpöntuð er erlendis frá gildir almennt að hana skuli senda til Íslands með fyrsta skipi.

Orðskýringar.

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR.
Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluáðferðum.
Dæmi: Rósavín, viskí.
- Áfengistegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum.
Dæmi: Heineken bjór.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrám ÁTVR.
Dæmi: 0,33 l flaska af Heineken bjór.

Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokkka:

- 01 (01) Rauðvín, verð undir 1000 kr./750 ml
- 01 (02) Rauðvín, verð 1000-1490 kr./750 ml
- 01 (03) Rauðvín, verð frá 1500 kr./750 ml
- 02 (11) Hvítvín, þurrt (sykur < 9 g/l), verð undir 1000 kr./750 ml
- 02 (12) Hvítvín, þurrt (sykur 9-45 g/l), verð 1000-1490 kr./750 ml
- 02 (13) Hvítvín, þurrt (sykur > 45 g/l), verð frá 1500 kr./750 ml
- 02 (2) Hvítvín, hálfþurrt (sykur 9-45 g/l)
- 02 (3) Hvítvín, sætt (sykur > 45 g/l)
- 03 Rósavín
- 04 (11) Freyðivín, þurrt (sykur < 15 g/l), verð undir 1500 kr./750 ml
- 04 (12) Freyðivín, þurrt (sykur < 15 g/l), verð frá 1500 kr./750 ml
- 04 (2) Freyðivín, hálfþurrt (sykur 15-50 g/l)
- 04 (3) Freyðivín, sætt (sykur > 50 g/l)
- 05 Styrkt vín
- 08 Kryddvín
- 10 Þrúgnabrennivín
- 13 Viskí
- 14 Snafs
- 15 Vodka
- 16 Gin
- 17 Séniver
- 18 Romm
- 20 Líkjörar
- 21 Bitterar

- 22 (1) Ávaxtabrennivín
- 22 (2) Brennivín ótalið annars staðar
- 22 (3) Ávaxtavín
- 23 Vínblandaðir drykkir
- 26 Ávextir lagðir í vínanda
- 60 (1) Bjór, af Pilsner gerð
- 60 (2) Bjór, annar

Vöruflokkum er unnt að fjölga með því að deila þeim upp í verðflokka. Upplýsingar um deilingu í verðflokka eru öllum aðgengilegar.

Nái heildarsala á tiltekinni sölutegund ekki 500 lítrum á ári má fella hana úr kjarna.

Nái heildarsala í tilteknum vöruflokki ekki 1000 lítrum á ári má fella hann úr kjarna.

Um meðferð tilboða.

1. Tilboð á að færa á skrá í þeirri röð sem þau berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin liggi frammi á afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar sem óska.
2. Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er fól þeim sem bauð fram vöruna.
3. Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, gengur innkaupastjóri frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en birgir hefur boðist til að afhenda vöru.
4. Þöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lið 3.

Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur fyrir birgja sem selja vilja áfengi í kjarna eða til reynslu.

1. Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublaðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.
2. Sýnishorn, a.m.k. 8 lítrar af bjór og 3 flöskur af öðru áfengi og innihaldslýsing, fylgi bréfi skv. 1. tl. Litarefna skal getið og brennisteinstvíldis (SO₂), séu efni þessi í vörunni. Lausir merkimiðar fylgi umbúðum. Merkimiðarnir beri með sér magn vínanda miðað við rúmmál.
3. Sölueining bjórs í smásölu innihaldi a.m.k. 2 lítra. Æskileg stærð einingar er 4x500 ml eða 6x330 ml. Dósir verða að vera úr endurvinnanlegu áli með föstum flipa.
4. Tilgreint verði hvenær afhending vöru til ÁTVR geti hafist.
5. Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímamann. ÁTVR greiðir eiganda mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans enda hafi varan þá eigi verið valin í kjarna og ÁTVR hafi ekki merkt sér vöruna. Regla þessi gildir eftir því sem við á um vörur í mánaðaflokki. Athugið að ÁTVR kaupir flestar vörur til sölu í kjarna á verði frá verksmiðju eða á fob-verði. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.
6. Áfengi í umbúðum, sem líkjast verulega umbúðum um óáfenga drykki, verður ekki selt hjá ÁTVR.

7. Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki - EAN eða UPC - verða að vera á hverri sölueiningu. Flytjist vara úr reynsluflokki í kjarna, verða birgjar að merkja neytendaumbúðir með nafni fyrirtækisins: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eða merki þess - ÁTVR.
8. Merking á smásöluumbúðum bjórs verði þessi:
1. Nafn eða einkennisstafir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þ.e. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða ÁTVR. Aðeins framleiðendur sem hafa bjór í kjarna eða mánaðaflokki þurfa að hlíta þessum skilyrðum. ÁTVR bannar birgjum að selja vöru, sem merkt er fyrirtækinu, til þriðja aðila.
 2. Magn vínanda miðað við rúmmál eða þyngd. Viðmiðun við rúmmál er ákjósanleg.
 3. Nafn vöru.
 4. Nafn og heimili framleiðanda er fyllir á umbúðir eða selur ÁTVR.
 5. Innihald mælt í millilítrum eða sentilítrum.
 6. Endingartími: „best fyrir“. Bjór í flöskum eða dósnum hafi a.m.k. 6 mánaða geymsluþol.
 7. Innihaldslýsing t.d. vatn, malt, maís, humlar, ger, sykur, geymsluþolsauki E....., litarefni E....., hleypir E..... .
9. Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. janúar, 1. maí og 1. september. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara þ.e. eigi síðar en 1. október, 1. febrúar og 1. júní. Óheimilt er að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu. Flytjist áfengi í kjarna skal verð birgja haldast óbreytt næstu 6 mánuðina eftir að flutningur milli flokka fór fram.
10. Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímamann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

Reglur þessar, sem tóku gildi 11. apríl 1994, með breytingum 4. maí 1994 og 24. nóvember 1994, eru hér með gefnar út í heild.

*Reykjavík, 1. mars 1995,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Höskuldur Jónsson.*

REGLUGERÐ

um öryrkjavinnu.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að semja við atvinnurekendur á almennum vinnu- markaði um að ráða til starfa einstaklinga sem njóta örorkulífeyris, örorkustyrks, endur- hæfingarlífeyris eða slysaörorkubóta undir 50%. Miðað er við að einstaklingar hafi vinnugetu sem ekki hafi nýst á almennum vinnu- markaði og að hann hafi ekki verulegar aðrar tekjur en bætur almanna- trygginga.

Sérstakur vinnusamningur skal gerður m.a. í samráði við samtök öryrkja, stofnanir er sinna atvinnumiðlun eða endurhæfingu fatlaðra.